

Fyrirspurn E 6/2023  
Fyrirspyrjandi Sjúrður Skaale (S)  
Viðtakandi Ríkisstjórn Noregs

## Skrifleg fyrirspurn um afhendingu olíu til rússneskra fiskveiði- og flutningaskipa á úthöfum

### Til ríkisstjórnar Noregs

46 ára gamall fiskveiðisamningur er í gildi milli Færeyja og Rússlands og rússnesk skip hafa því í áraraðir nýtt færeyskar hafnir og keypt þar vörur og þjónustu. Þessi viðskipti hafa aukist síðustu ár.

En til að forðast að Færeyjar verði miðstöð fyrir starfsemi Rússa í Norður-Atlantshafi og standa ekki uppi sem land sem nýtti sér efnahagslega þá siðferðislegu ákvörðun sem nágrannaríki tóku varðandi rússnesk skip tók ný reglugerð gildi þann 12. júlí. Reglugerðin nefnist í íslenskri þýðingu „Reglugerð nr. 89 frá 6. júlí 2023 um breytingu á reglugerð um takmarkandi aðgerðir í tengslum við árásir gegn Úkraínu (hertar reglur um hafnartengingar).

Nýja reglugerðin hefur í för með sér að rússnesk fiskveiðiskip sem ekki hafa beina aðild að fiskveiðisamningnum fyrir árið 2023 milli Færeyja og Rússlands geta ekki lengur lagst að höfn í Færeyjum.

Frá því að reglugerðin tók gildi hefur starfsemin sem rússnesk skip hafa skapað minnkað kröftuglega í Færeyjum. Ákvörðunin hefur einnig leitt til hættu á neikvæðum afleiðingum frá Rússlandi.

Nú eru hins vegar merki um önnur lönd hagnist á þessari ákvörðun. Í skýrslunni „Russisk fiskiskapurin í Irmingerhavinum, færoyskum og altjóða sjógvi frá 2020 til 2023“ („Rússneskar fiskveiðar í Irmingerhafi, færeyskri lögsögu og alþjóðlegum höfum“) sem fyrirtækið „Fishfacts“ gaf út 14. júní 2023 sýnir að rússnesk fiskveiðiskip hafi til dæmis ekki tekið við olíu á úthöfum fyrir innrásar Rússlands í Úkraínu. Talan fyrir árið 2021 var o samkvæmt skýrslunni. Síðan þá hefur það þó gerst reglulega samkvæmt skýrslunni – það eru norsk olíuskip sem sigla til rússnesku skipanna með olíu.

Skýrslan bendir einnig til þess að sum af rússnesku skipunum sem fylltu á olíu í Færeyjum áður en reglugerðin tók gildi þann 12. júlí fá nú olíu frá norskum skipum.



Sérstaklega er tekið fram í „Sanksjoner som svar på Russlands militære aggresjon mot Ukraina – veileder for næringslivet“ („Refsiaðgerðir vegna hernaðaraðgerða Rússlands gegn Úkraínu – leiðbeiningar fyrir atvinnulífið“) á heimasíðu norsku ríkisstjórnarinnar að tilraunir til að koma sér undan reglunum teljist vera brot á þeim. Þar stendur einnig að „afhending eða móttaka vara lögsögu Noregs/Rússlands/þriðja ríki geti talist sem tilraun til að sniðganga hafnarbann“.

Í ljósi þessa er eftirfarandi spurningum beint til sjávarútvegs- og hafnarmálaráðherra, Bjørnar Selnes Skjæran:

Getur ráðherra staðfest hvort það sé rétt að norsk olíuskip hafi afhent olíu til rússneskra fiskveiði- og flutningaskipa á úthöfum eftir 24. febrúar 2022 og, ef svo er, hvort sú starfsemi hafi aukist frá 12. júlí 2023?

Getur ráðherra upplýst um fjölda norskra og rússneskra skipa sem eiga aðild að þessum viðskiptum, ef þau eiga sér stað, og um hve mikið magn er að ræða?

Hefur ráðherra fyrirhugað að kanna hvort einhverjir aðilar „á bannlista“ eigi aðild að þeim skipafélögum sem samkvæmt umræddri skýrslu fá olíu afhenta frá norskum skipum?

Ef staðan er sú að norsk skip afhendi rússneskum skipum olíu í norskri lögsögu eða alþjóðlegum höfum sem aðilar „á bannlista“ taka þátt í, er það þá brot gegn norskum refsiaðgerðum og öðrum aðgerðum gegn Rússlandi og rússneskum aðilum?

Getur ráðherra upplýst um hvort umrædd viðskipti geti flokkast til tilraun til að sniðganga regluverkið?

Getur ráðherra upplýst um hvort ríkisstjórn Noregs, ef viðskiptin reynast vera lögleg, hafi áform um að herða ákvæðin til að koma í veg fyrir að slík viðskipti eigi sér stað?

Kaupmannahöfn, 11. október 2023

*Sjúrður Skaale (S)*